

þótt sá samningur væri að vísu að öllu leyti samhljóða samningum þeim, er hinir múrarameistararnir gerði við sveinafélagið, enda virðast sumir meistaranna hafa komið hjá því að verða hindraðir frá vinnu. Verður því að sýkna stefnda af skaðabótakröfu stefnanda.

Rétt þykir að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefndanda, Hjálmar Jóhannssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings.
3. Stefndi á að vera sýkn af skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu.
4. Stefndi, Sveinafélag múrara, greiði stefnanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Hjálmars Jóhannssonar, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 20. júní 1940.

Nr. 5/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Hjalta Einarssonar**

gegn

Málarameistarafélagi Reykjavíkur.

Málarameistarafélag ekki talið stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 og kröfu málarameistara um að félagið verði dæmt til þess að veita honum félagsréttindi, vísað frá dómi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Hjalta Einarssonar, málarameistara hér í bæ, gegn Málarameistarafélagi Reykjavíkur.

Stefnandi gerir þær kröfur hér fyrir dómi, að stefndi verði, að viðlögðum dagsektum, dæmdur til þess að viðurkenna sig sem félagi í málarameistarafélaginu, eða til vara, að veita sér full og óskert félagsréttindi. Þá krefst hann og þess, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938. Ennfremur krefst hann skaðabóta og málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins.

Stefndi gerir fyrst og fremst þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi, og hefir það atriði verið tekið til meðferðar sérstaklega og málið aðeins flutt að því leyti. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins. Stefnandi hefir mótmælt frávísunar- og málskostnaðarkröfu stefnda.

Kröfu sína um frávísun byggir stefndi á því, að Málarameistarafélag Reykjavíkur sé ekki stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og taki því ákvæði téðra laga ekki til þess. Félagsdómur hafi því ekki heldur samkvæmt valdsviði hans, svo sem það er ákveðið í 44. gr. nefndra laga, vald til þess að kveða á um rétt félagsins til þess að hafna eða leyfa mönnum inngöngu í það. Telur stefndi, að Málarameistarafélag Reykjavíkur sé atvinnurekendafélag.

Í lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er ekki að finna skilgreiningu þess, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „stéttarfélag“ í nefndum lögum. Í fyrstu grein laganna segir, að menn eigi rétt á að stofna stéttarfélög „í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verklyðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.“ En í athugasemdu þeim, er fylgdu frumvarpinu að nefndum lögum, segir, að orðið stéttarfélag sé í lögunum notað „um félög, sem stofnuð eru í þeim tilgangi að gæta hagsmuna þeirra manna, sem hafa lífsviðurværi sitt af því, að selja vinnu sína gegn ákveðnu kaupgjaldi“. Verður að leggja þessa skilgreiningu til grundvallar, er ákveða skal merkingu orðsins „stéttarfélag“ í merkingu nefndra laga. Af ýmsum ákvæðum greindra laga er og ljóst, að með stéttarfélögum er átt við félagsskap fólks, sem er í þjónustu annarra og þiggur laun fyrir vinnu sína, og er þar gert ráð fyrir stéttarfélögum sem andstæðu atvinnurekenda eða atvinnurekendafélagi.

Samkvæmt lögum Málarameistarafélags Reykjavíkur er tilgangur félagsins meðal annars „að koma á sem mestu

samræmi í atvinnurekstri málarameistaranna bæði verðlagi, vinnukaupi og öðru ...“, og „að gæta hagsmuna félagsmanna gagnvart öllum starfsmönnum þeirra, sérstaklega að því er snertir launakjör og hvers konar ráðningarkjör sem vera skal,“ og enn fremur „að vera félagsmönnum til leiðbeiningar um allt, er snertir atvinnurekstur þeirra, inn á við og út á við.“

Með samningi við Málarasveinafélag Reykjavíkur hefir málarameistarafélagið skuldbundið sig til þess að greiða sveinunum tiltekið kaup fyrir þá vinnu, er þeir leysa af hendi í þjónustu meistaranna, og samkvæmt sama samningi leggja meðlimir málarameistarafélagsins málarasveinum til öll vinnutæki, með fáum undantekningum.

Um starfsemi meðlima málarameistarafélagsins er það upplýst, að þeir hafi lífsviðurværi sitt jöfnum höndum af því að selja vinnu sveinanna, efnissölu og sölu sinnar eigin vinnu.

Með tilvísun til þess, sem að framan er rakið um tilgang málarameistarafélagsins, starfsháttu meðlima þess og við skipti við málarasveinana, verður ekki talið, að Málarameistarafélag Reykjavíkur sé „stéttarfélag“ í merkingu þeirri, sem samkvæmt framangreindu verður að leggja í það orð í lögum nr. 80/1938, og skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt félagið setji sérstakan lágmarkskauptaxta fyrir meðlimi sína, þar sem starfsháttum þeirra og félagsskap er svo háttað, sem að framan er greint. Og þar sem málarameistarafélagið er ekki stéttarfélag í framangreindri merkingu, eiga ekki við um það þau ákvæði laga nr. 80/1938, er varða stéttarfélög. Úrlausn þess, hvort Hjalta Einarssyni, stefnanda máls þessa, beri réttur til inngöngu í nefnt meistarafélag, heyrir því ekki undir valdsvið þessa réttar, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938, og ber því að vísa málinu ex officio frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dví dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.